



Rannsóknarsjóður
síldarútvegsins

Úthlutun styrkja úr Rannsóknarsjóði síldarútvegsins á árinu 2017

Á árinu 2017 styrkir Rannsóknarsjóður síldarútvegsins tvö fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi, samtals um 6 milljónir króna. Jafnframt styrkir Félag síldarútgerða eitt verkefni um 2 milljónir króna.

Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

Heiti verkefnis: “Fiskur á disk”. 360° Sýndarveruleika-kennsluefni fyrir grunnskóla

Verkefnisstjóri: Árni Gunnarsson

Samstarfsaðilar: Skotta ehf., Fisk Seafood og Árskóli

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Markmiðið er að búa til 360° sýndarveruleika-kennsluefni (360° virtual reality) fyrir efstu bekk grunnskóla um ferlið frá því að fiskurinn kemur upp úr sjó á kæliskipi og þar til að hann er tilbúinn sem veislumatur á disk. Efninu fylgi spurningar og ítarefni.

Heiti verkefnis: NaNO námsefni – Náttúra, nýsköpun og tækni í sjávarútvegi

Verkefnisstjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, Matís og Hafrannsóknastofnun

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Að semja, prófa og birta á vef námsefni um sjávarútveg sem vekir áhuga nemenda með því að fást við nútímaleg viðfangsefni tengd samspili atvinnulífs, vísinda, tækni, náttúru og samfélags. Námsefninu er ætlað að nýtast ólíkum námsgreinum, stuðla að samþættingu þeirra og vinna þvert á greinar, bóklegar og verklegar.

Heiti verkefnis: Öryggishandbók fyrir fiskvinnslur

Verkefnisstjóri: Snæfríður Einarsdóttir

Samstarfsaðilar: Öryggishópur sjávarútvegsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Verkís

Styrkupphæð: Félag síldarútgerða styrkir verkefnið um 2 milljónir króna.

Markmið verkefnis: Innan raða SFS hefur verið stofnaður öryggishópur sjávarútvegsins. Fyrsta verkefni öryggishópsins er að gera öryggishandbók fyrir starfsfólk í fiskvinnslu. Slík handbók er liður í stefnu sem miðast að því að auka öryggi í fiskvinnslum hér á landi og að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum eða banaslysum. Stefnt er að því að slysatíðnin verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum sem berum okkur saman við. Markmiðið er að fækka slysum sem eru tilkynnt er til Landspítala og Slysaskrár Íslands um allt að 5% á ári á tímabilinu 2017–2026.